

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 380. fundur

Föstudaginn 24. nóvember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

#### Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### Dagskrá stjórnarfundar:

1. Árshlutauppgjör janúar til september 2023
2. Vagnakaupaútboð niðurstaða (2 vagnar)
3. Tryggingarútboð
4. Dómsmál Teitur gegn Strætó - niðurstaða Landsréttar
5. Vagnakaup næsta árs
6. Söluölur
7. Starfsáætlun 2024
8. Innri endurskoðunaráætlun ef hún verður tilbúin
9. Útboð á akstri

#### Tekið fyrir:

##### 1. Árshlutauppgjör janúar til september 2023

---

Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála kom á fundinn og kynnti níu mánaða árshlutauppgjör.

##### 2. Vagnakaupaútboð niðurstaða

---

Strætó bauð út vagnakaup, framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og fól stjórn framkvæmdastjóra að taka tilboði lægstbjóðanda Tyrfingsson ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins.

##### 3. Tryggingarútboð

---

Strætó bauð út tryggingar og fékk Svein Segatta frá Áhættulausnum til að sjá um útboðið. Tilboð bárust frá fjórum tryggingarfélögum og eftir yfirferð tilboða var tilboð lægstbjóðanda VÍS metið gilt. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga til samninga við VÍS.

##### 4. Dómsmál Teitur gegn Strætó bs.

---

Föstudaginn 17. nóvember 2023 kvað Landsdómur upp úrskurð í máli Teits ehf gegn Strætó vegna akstursútboðs frá 2010. Strætó var dæmt til að greiða skaðabætur til Teits. Fyrir fundinum lá minnisblað frá Antoni B. Markússyni lögmanni um niðurstöðu Landsréttar. Fjallað verður nánar um niðurstöðuna á næsta fundi stjórnar.

## 5. Vagnakaup næsta árs

---

Umræður urðu um vagna, en í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir að fjárfesta í nýjum rafvögnum. Framkvæmdastjóra var falið að gera þarfagreiningu í samræmi við umræður á fundinum.

## 6. Sölugögn

---

Markús Vilhjálmsson, markaðs- og sölustjóri kom á fundinn og kynnti sölugögn ársins til dagsins í dag. Salan er rétt yfir áætlun ársins. Farið var yfir frávik frá áætlun en helstu frávik eru vegna tafa við innleiðingu á snertilausum greiðslum. Farið var yfir að samkvæmt áætlun birgja (FARA A/S) er gert ráð fyrir að allir skannar verði uppfærðir í desember og að stefnt sé að því að hægt sé að greiða með snertilausum greiðslum í febrúar 2024. Stjórn brýnir stjórnendum að þrýsta á birginn að standa við þessa tímaáætlun enda er orðin um ársseinkun á þessari virkni í greiðslukerfinu.

## 7. Starfsáætlun 2024

---

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2024. Breytingar verða gerðar á henni í samræmi við umræður á fundinum. Gert er ráð fyrir að hún verði tekin til endanlegrar samþykktar á næsta fundi stjórnar.

## 8. Innri endurskoðunaráætlun

---

Drög að endurskoðunaráætlun var kynnt.

Magnús Örn Guðmundsson, vék af fundi fyrir næsta dagskrárlið vegna hæfismáls og Alexandra Briem tók við stjórn fundarins.

## 9. Útboð á akstri

---

Strætó hefur hafið nýtt innkaupaferli vegna aðkeypts akstur. Send var út auglýsing um nýtt innkaupaferli, en ákveðið var að viðhafa samkeppnisviðræður í samræmi við minnisblað og ákvörðun stjórnar á stjórnarfundi þann 8. nóvember. Gert er ráð fyrir að forvalsgögn verði send út í byrjun næstu viku.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:20.

### Fylgiskjöl: Árshlutauppgjör jan-sept 23, sölugögn

---

Alexandra Briem

---

Hrannar Bragi Eyjólfsson

---

Andri Steinn Hilmarsson

---

Kristín Thoroddsen

---

Lovísa Jónsdóttir

---

Magnús Örn Guðmundsson